

Nr. 234

18. febrúar 2015

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018,
breytingar innan þéttbýlis á Reykhólum og á Kirkjubóli.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 18. febrúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, sem samþykkt var í sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 10. október 2014.

Þéttbýli Reykhóla er stækkað til vesturs inn á landbúnaðarsvæði. Innan þéttbýlis eru gerðar eftirfarandi breytingar: Svæði V3 er fært að Stekkjarvogi og stækkað í 4,7 ha fyrir heilsuhótel, bætt er inn 0,13 ha svæði I3 fyrir saltverksmiðjuna, hafnarsvæðið H1 stækkar í 2 ha og bætt er inn 10.000 rúmmetra malarnámu E1. Vegna þessa verða breytingar á köflum 3,4, 3,6 og 3,7 auk þess sem við bætist kaflí 3.17 og inn á þéttbýlisupprátt hefur verið bætt táknum fyrir fornleifar. Í dreifbýlinu stækkar fristundabyggðarsvæði á Kirkjubóli á Bæjarnesi í 119 ha fyrir 22 lóðir. Jafnframt er svæðum F13 og F14 bætt inn í greinargerð til samræmis við upprátt og númer lagfærð á F11 og F12.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 18. febrúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015